

Alþingi, Menntamálanefnd
Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Umsögn. Háskóli á Ísafirði (heildarlög) 30 mál, lagafrumvarp 135. löggjafarþingi, þingskjal 30.

Í greinargerð með frumvarpinu er vísað til samþykktar 52. Fjórðungsþings Vestfirðinga haldið á Tálknafirði þann 7. og 8. september 2007.

52. Fjórðungsþing Vestfirðinga, haldið á Tálknafirði 7. – 8. september 2007 samþykkir að stofnaður verði Háskóli Vestfjarða.

Fjórðungsþing Vestfirðinga felur stjórn sambandsins að kalla þegar til fulltrúa Háskólaseturs, sveitafélaga, rannsóknastofnanna, fyrirtækja og félagasamtaka til undirbúnings málinu. Stefna ber að stofnun sjálfstæðs háskóla strax á næsta ári og hefja kennslu haustið 2008.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga hefur hafið vinnu samkvæmt þessari samþykkt og rætt við þá aðila sem hér að framan eru tilgreindir. Niðurstaða þeirrar vinnu liggur ekki fyrir við gerð þessara umsagnar. Einnig er Fjórðungssambandi Vestfirðinga kunnugt um samþykkt fulltrúaráðs Háskólaseturs Vestfjarða frá júní 2007, um að unnið skuli að undirbúningi stofnunar háskóla á Vestfjörðum eigi síðar en 2011, á 200 ára afmæli Jóns Sigurðssonar, forseta. Einnig að starfshópur er nú á vegum menntamálaráðherra að meta framtíð háskólastarfsemi á Vestfjörðum.

Almennt séð hefur uppbygging háskólanáms og rannsókna á háskólastigi á Vestfjörðum verið í umræðunni í meira en 15 ár. Fjarnám á háskólastigi hófst á svipuðum tíma, fyrst kennaranám, haustið 1998 hófst síðan nám í hjúkrunarfræðum og frá þeim tíma hefur fjöldi nemenda og faggreina aukist með hverju árinu. Skipulag námsins í héraði var lítið í upphafi en árið 1999 tók Fræðslumiðstöð Vestfjarða við skipulagi þess, auk þess að útvega því aðstöðu. Háskólasetur Vestfjarða tók við þessu verkefni í byrjun árs 2006 og hefur stýrt því síðan. Háskólasetrið hefur einnig tekið þá ákvörðun að hefja staðbundið mastersnám í umhverfis og strandsvæðastjórnun, haustið 2008. Þar sem háskólasetrið hefur ekki heimild til að útskrifa nema með háskólagráðu, hefur það gert samning við Háskólann á Akureyri um námið. Á þessu sama tímabili, það er fimmtán árum, hafa rannsóknir og rannsóknarstofnanir verið eflar verulega frá því áður var.

Það er mat Fjórðungssambands Vestfirðinga að til staðar séu allir þeir þættir til að hefja starfsemi háskóla á Vestfjörðum. Verkefni dagsins í dag er því að ákveða hve langan aðdraganda skal hafa að málinu og hve mikið fjármagn verði sett til þess. Telja verður því að frumvarp að Háskóla á Ísafirði sé stuðnings við verkefni Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Fjórðungssamband Vestfirðinga vill að auki koma með eftirfarandi ábendingar.

- A. Nafn nýs háskóla sé tengt við Vestfirði
- B. Nýr háskóli á Vestfjörðum mun njóta þess að koma inn í þróað umhverfi fyrir sína starfsemi. Mikilvægt er því fyrir nýja stofnun að nýta kosti þessa umhverfis og ná fram sem bestri samþættingu og eða samvinnu við starfsemi annarra aðila í héraði s.s. Háskólasetur Vestfjarða, framhaldsskóla, rannsóknastofnanir, stoðstofnanir atvinnulífs, sveitarfélög og atvinnulíf. Með þessum hætti ætti nýr háskóli geta hraðað því ferli að fá viðurkenningu Menntamálaráðuneytis fyrir starfsemi sinni samkvæmt nýjum lögum um háskóla nr. 63/2006 og reglugerð ráðuneytisins nr. 1067/ 2008.

Ísafirði 5. desember 2007

Fjórðungssamband Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri